



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Doktorsstyrkjasjóður Háskóla Íslands

Doktorsstyrkjasjóður er yfirheiti yfir safn sjóða sem sérstaklega er ætlað að styrkja efnilega stúdenta til doktorsnáms við Háskóla Íslands og efla með því háskólann sem alþjóðlegan rannsóknaháskóla og gera hann um leið eftirsóknarverðan kost fyrir doktorsnema.

Doktorsstyrkir verða sem fyrr veittir úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands. Að þessu sinni verða einnig í boði fleiri styrkir:

- Tveir styrkir sem ætlaðir eru til rannsókna á heilbrigðis- og líftækni, upplýsingatækni og endurnýjanlegri orku og fjármagnaðir af [Vísindagörðum](#) Háskóla Íslands, til allt að þriggja ára.
- Einn styrkur frá [Veðurstofu Íslands](#) sem ætlaður er til rannsókna á fagsviðum stofnunarinnar með áherslu á náttúruvá og loftslagsbreytingar, til allt að þriggja ára.
- Einn styrkur frá Utanríkisráðuneytinu sem ætlaður eru til rannsókna sem falla að áherslum Íslands í [alþjóðlegri þróunarsamvinnu](#) og fara fram í samstarfslöndum Íslands, Malaví, Úganda eða Sierra Leóne og/eða öðrum lágtekjuríkjum í Afríku sunnan Sahara, til allt að þriggja ára. Tekið er fram að doktorsnemi getur ekki þegið styrk frá ráðuneytinu ef hann er einnig með styrk frá GRÓ á sama tímabili.

Stúdentar sem uppfylla inntökuskilyrði viðkomandi deildar í doktorsnám og fastráðnir kennarar eða sérfræðingar við Háskóla Íslands, sem ráðnir eru á grundvelli hæfnisdóms og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til leiðbeinenda [í viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands](#), geta sótt um styrk til sjóðsins. Sjá einnig [reglur um Doktorsstyrkjasjóð Háskóla Íslands](#).

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2026. Umsókn skal vera á íslensku eða ensku og getur verið af þrennum toga:

- **Leið A:** Stúdent og leiðbeinandi sækja til sjóðsins í sameiningu eftir að doktorsnám er hafið.
- **Leið B:** Leiðbeinandi, sem er akademískur starfsmaður við HÍ og uppfyllir framangreindar kröfur, sækir um án stúdents.
- **Leið C:** Umsækjandi sem hefur ekki hafið doktorsnám sækir til sjóðsins. Umsækjandi skal senda inn umsókn um doktorsnám, sem er að jafnaði unnin í samráði við fyrirhugaðan leiðbeinanda, til viðeigandi fræðasviðs samhliða umsókn um doktorsstyrk.
 - Einnig er óskað eftir því að stúdentar sem sækja um styrk eftir leið C fái tvo fagaðila til þess að senda inn umsögn um stúdent og getu viðkomandi til að sinna fyrirhugaðri rannsókn. Æskilegt er að annar umsagnaraðilinn hafi tengst lokaverkefni stúdents í framhaldsnámi á háskólastigi. Umsagnir berist beint frá umsagnaraðilum í PDF formi á tölvupóstfangið rannsoknasjodir@hi.is áður en umsóknarfrestur rennur út.

Umsóknum skal skilað rafrænt. Umsóknareyðublað, reglur um Doktorsstyrkjasjóð HÍ, viðmið við úthlutun doktorsstyrkja, leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaðs o.fl. [má nálgast hér](#)

Frekari upplýsingar veitir skrifstofa vísinda- og nýsköpunarsviðs rannsoknasjodir@hi.is